



VAKINN
Quality

VAKINN VÖRUMERKJAHANDBÓK

FERÐA
MÁLA
STOFA

ICELANDIC
TOURIST
BOARD





VAKINN VÖRUMERKJAHANDBÓK

1.0 Um Vakann

Vakinn og merki

Vakinn er gæða- og umhverfiskerfi íslenskrar ferðapjónustu. Markmið með Vakanum er að efla gæði, öryggi og umhverfisvitund í ferðapjónustu á Íslandi með handleiðslu og stuðningi, ásamt því að byggja upp samfélagslega ábyrgð ferðapjónustufyrirtækja.

Handbók þessari er ætlað að leiðbeina þátttakendum í Vakanum um notkun á merki Vakans í kynningarefni, á vef, samfélagsmiðlum o.s.frv.

Kafli eitt fjallar um vörumerki Vakans. Það er fyrst og fremst hugsað fyrir kynningu á gæða- og umhverfiskerfinu. Í undantekningartilfellum geta fyrirtæki notað þetta merki en eindregið er mælt til þess að notuð séu merkin sem fjallað er um í kafla tvö.

Kafli tvö fjallar um þau merki sem þáttökufyrirtæki fá þegar þau standast gæðaúttekt Vakans. Merkin eru lýsandi fyrir þá þjónustu sem boðið er upp á hjá hverju fyrirtæki. Um er að ræða merkin fyrir stjórnuflokkun gistingar, viðurkennd ferðapjónusta/certified travel service, certified restaurant – café og umhverfismerki.

Sími: 535 5500

Netfang: vakinn@vakinn.is

Vefur: www.vakinn.is

VAKINN

- 1.0 Vakinn og merki
- 1.1 Merki og litir
- 1.2 Aðrar útgáfur merkisins
- 1.3 Reglur merkis
- 1.4 Letur
- 1.5 Myndefni
- 1.6 Notkun vörumerkis, leturs og myndefnis

GÆÐAMERKINGAR

- 2.0 Gæðamerkingar
- 2.1 Gæðamerkingar fyrir ferðapjónustuaðila
- 2.2 Notkun gæðamerkinga á vef þáttökufyrirtækja
- 2.3 Notkun gæðamerkinga á samfélagsmiðlum
- 2.4 Skilti, fánar, bílamerkingar



VAKINN VÖRUMERKJAHANDBÓK

1.1 Merki & litir

Merki & litir

Dómnefnd var sammála um að nýtt gæða- og umhverfiskerfi fyrir íslenska ferðaþjónustu skyldi hljóta nafnið Vakinn, vegna þess hversu lýsandi orðið er fyrir verkefnið í heild og tilgang þess.

Merking hugtaksins er t.a.m. hvati, eitthvað sem örvar, en kerfinu er einmitt ætlað að vaka yfir frammistöðu þeirra sem starfa í greininni og hvetja til fagmennsku innan ferðaþjónustunnar og gagnvart umhverfinu. Vakinn heldur starfsfólkinu vakandi, vekur áhuga á nýjum tækifærum og tryggir að allir geri ávallt sitt besta. Í stuttu máli mun Vakinn vekja og viðhalda áhuga á gæðum í íslenskri ferðaþjónustu, meðal almennings, gestgjafanna og þeirra gesta sem hingað koma.

Þórhallur Kristjánsson graffskur hönnuður FÍT teiknaði merki Vakans og sigraði samkeppni sem haldin var um vörumerkið 2010.

Vörumerkið er hvít vindrella á gulum ferhyrndum fleti, með textanum VAKINN Quality.



Cyan 0%
Magnta 43%
Yellow 100%
Black 0%

PANTONE 137 C

R 248
G 153
B 32

Cyan 0%
Magnta 0%
Yellow 0%
Black 100%

Cyan 0%
Magnta 0%
Yellow 0%
Black 40%



VAKINN VÖRUMERKJAHANDBÓK

1.2 Aðrar útgáfur merkisins

Aðrar útgáfur merkisins

Þar sem því verður ómögulega komið við að birta vörumerkið í gulum lit má nota aðrar útgáfur af merkinu.

Reyna skal að birta merkið á gulum lituðum fleti, sem má vera ferhyrndur í stað þess að vera ferkantaður.

Litaður flötur má vera svartur eða grár, sjá litanúmer á fyrri blaðsíðu fyrir prent og vef. Verði því ómögulega komið við að hafa litaðan flöt, má nota merkið án hans.





VAKINN VÖRUMERKJAHANDBÓK

1.3 Reglur merkis

Reglur merkis

Mikilvægt er að passa upp á andrými í kring um merkið.

Í báðum útgáfum skal miða skal við hálfa breidd merkisins og merkið því fá andrými allan hringinn sem því nemur.





Letur

Calibri Bold er notað í fyrirsögnum og Calibri Regular er notað í texta.

Letrið er notað hvítt yfir myndir, eða grátt, eftir því sem við á. Í lesmáli er það notað grátt á hvítum grunni.

HVÍTT	GRÁTT	GRÁTT
C 0	C 0	R 77
M 0	M 0	G 77
Y 0	Y 0	B 76
K 0	K 80	

Calibri Bold

AÁBDÐEÉFGHIÍJKLMNOÓPRSTUÚVXYÝÞÆÖ

aáb dđ eé fgh ií jklmnoóprstuúvxyýþæö

Calibri regular

AÁBDÐEÉFGHIÍJKLMNOÓPRSTUÚVXYÝÞÆÖ

aáb dđ eé fgh ií jklmnoóprstuúvxyýþæö



VAKINN VÖRUMERKJAHANDBÓK

1.5 Myndefni

Myndefni

Fyrir kynningarátak Vakans 2016 var ákveðið að skapa myndheim Vakans.

Ljósmyndir í kynningarefni Vakans eru með það að markmiði að endurskapa vörumerkið innan greina ferðapjónustunnar (afþreying, gisting, veitingar) auk þess að minna á viðkvæma náttúru Íslands og umhverfisluta kerfisins.





VAKINN VÖRUMERKJAHANDBÓK

1.6 Notkun vörumerkis, leturs og myndefnis

Notkun vörumerkis, leturs og myndefnis

Hér má sjá dæmi um notkun vörumerkis Vakans, letur og myndefni á heilsíðu prentauglýsingu. Vörumerki Ferðamálastofu kemur einnig fram á auglýsingunni, sem sýnir að hlutlaus þriðji aðili stendur á bak við vörumerki Vakans.



**GLÖGGT ER
GESTS AUGAÐ**

Stjarna Vakans stendur fyrir gæði, öryggi og fagmennsku í íslenskrí ferðþjónustu.

Þú getur verið viss um að ferðþjónustuaðilar sem skarta stjórnú Vakans sinna gæða- og umhverfismálum af alúð og heiðarleika.

VELDU VAKANN
www.vakinn.is

FERDA
MÁLJA
STOFA
ICELANDIC
TOURIST
BOARD



**GLÖGGT ER
GESTS AUGAÐ**

Stjarna Vakans stendur fyrir gæði, öryggi og fagmennsku í íslenskrí ferðþjónustu.

Þú getur verið viss um að ferðþjónustuaðilar sem skarta stjórnú Vakans sinna gæða- og umhverfismálum af alúð og heiðarleika.

VELDU VAKANN
www.vakinn.is

FERDA
MÁLJA
STOFA
ICELANDIC
TOURIST
BOARD



VAKINN
Quality

VAKINN VÖRUMERKJAHANDBÓK

2.0 Gæðamerkingar

Gæðamerkingar

Aðeins þau fyrirtæki sem standast gæðaúttekt Vakans teljast fullgildir þátttakendur í Vakanum og hafa heimild til að nota merki Vakans.

Fyrirtækin fá eftirfarandi:

1. Skilti og viðurkenningarskjal.
2. Siðareglur Vakans.
3. Merki Vakans á rafrænu formi til að setja á heimasíðu og í prentað efni.
4. Fána Vakans til að flagga utanhúss.
5. Þau fyrirtæki sem taka þátt í umhverfiserfi Vakans fá sérstakt skilti fyrir þann hluta.





VAKINN VÖRUMERKJAHANDBÓK

2.1 Gæðamerkingar fyrir ferðaþjónustuaðila

Gæðakerfið skiptist í tvo flokka:

Stjörnuflokkun fyrir gistaðila

Frá einni og upp í fimm stjörnur fyrir sex flokka gistingar. Merkið fyrir gistinguna er auðkennt með rauðum lit og á því kemur fram tegund gistingar og fjöldi stjarna.



Ferðaþjónusta - önnur en gisting

Hér er ekki um stjörnuflokkun að ræða, annað hvort uppfylla fyrirtæki skilyrði til að teljast viðurkennd ferðaþjónusta eða ekki.

Merkið er einkennt með bláum lit og eru tvö merki; sérstakt merki fyrir veitingastaði og annað fyrir aðra ferðaþjónustu.



Merki umhverfiskerfis, gull, silfur og brons

Umhverfisviðmiðin eru notuð til að meta hvar fyrirtæki er stött með tilliti til umhverfismála, samfélagslegrar ábyrgðar og tengsla við nærsamfélagið. Merkið er einkennt með grænum lit. Um er að ræða gull, silfur eða brons viðurkenningu sem fer eftir árangri fyrirtækisins á sviði umhverfismála.





VAKINN VÖRUMERKJAHANDBÓK

2.2 Notkun merkinga á vef þáttökufyrirtækja

Notkun merkinga á vef þáttökufyrirtækja

Æskilegt er að hvert þáttökufyrirtæki setji á vef sinn lendingarsíðu um Vakann. Lendingarsíðan þarf að vera á viðeigandi tungumáli vefsins.

Á lendingarsíðunni þarf að koma fram:

- Flokkur vottunar
- Mynd af viðeigandi flokki vottunar
- Tengill á vottunarskjal (hægt að smella/opna til að skoða)
- Tengill á www.vakinn.is (sem opnast í nýjum glugga)

Algennt er að í fæti vefs þáttökufyrirtækis sé táknmynd (e. icon) sem táknar vörumerki Vakans.


Til þess að texti í neðri hluta merkis haldist læsilegur er ekki mælt með að hæð merkisins sé lægri en 170 px.

Ef merking þarf að vera minni, þá má hafa minna icon af merkinu sem stækkar við „mouse over“. Minna merki er æskilegt að tengja við lendingarsíðu.

Minnsta
mögulega
stærð
prenti
2,7 cm
á hæð



Með öðrum merkjum...



Dæmi um icon*:



Minnsta
mögulega
stærð á icon
46 px á hæð

Minnsta
mögulega
stærð
á vef
170 px
á hæð*





VAKINN VÖRUMERKJAHANDBÓK

2.3 Notkun á samfélagsmiðlum

Notkun á samfélagsmiðlum

Vakinn er á eftirfarandi samfélagsmiðlum:

- <https://www.facebook.com/vakinn.is/>
- <https://www.youtube.com/channel/UCBMWRCvsvWNDTTbkELXHngw>

Öllum þátttakendum Vakans er velkomið að deila öllu efni sem þar er birt, t.d. myndböndum og fréttum um fleiri þáttökufyrirtæki.

Æskilegt er að þáttökufyrirtæki noti merki Vakans á þeim samfélagsmiðlum þar sem þau eiga samskipti við viðskiptavinina sína og starfsmenn.


Öllum þáttökufyrirtækjum er velkomið að nota myllumerkið #vakinn í færslum á samfélagsmiðlum.

Til þess að texti í neðri hluta merkis haldist læsilegur er ekki mælt með að hæð merkisins sé lægri en 170 px.

Notkun á fleiri en einu gæðamerki



Notkun á einu gæðamerki



facebook covermynd 851x315px



facebook auglýsing 1200x900px





VAKINN VÖRUMERKJAHANDBÓK

2.4 Skilti, fánar, bílamerkingar

Skilti, fánar, bílamerkingar

Eftir að fyrirtæki hefur staðist úttekt og lokið ferlinu fær það afhent skilti sem hengja skal upp á áberandi stað utanhúss eða innan.

Ef fyrirtækið flaggar fána Vakans utanhúss skal hann ávallt vera óslitinn og í góðu ásigkomulagi. Hægt er að panta nýja fána hjá Vakanum.

Einnig eru fánlegir límmiðar með merki Vakans í tveimur stærðum t.d. til að setja á bílrúður.

1 - Meðfylgjandi:

a x 2
Riðfriar skrúfur

b x 2
Múrtappar

c x 2
Plastskinnur

d x 2
Plasthettur

2 - Uppsetning

Uppsetning - Ef fest er á trévegg eða viðarþil
Notast er við fylgihluti a, b og c.

Uppsetning - Ef fest er á steinvegg
Notast er við fylgihluti a, b, c og d.
Það þarf að bora fyrir múrtappanum með 5mm steinbor.



VAKINN
Quality